

# Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Neindasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
www.fib.is  
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 130/83

komudagur 6.11.2003

Reykjavík 5. nóvember 2003

## **Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

Í ofangreindu frumvarpi til laga er gert ráð fyrir verulegum skattahækkunum á bíleigendur. Fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að áætlaðar viðbótartekjur ríkissjóðs af fyrirhugaðri hækkun séu samtals um 1 milljarður kr. á ári. Í gögnum sem FÍB fékk í október s.l. frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, um tekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti, er gert ráð fyrir að tekjur af þunga- og eldsneytissköttum ökutækja verði 35 m.kr meiri á árinu 2004 samanborið við áætlaðar tekjur 2003 eða samtals 1.035 m.kr. Þennan 35 m.kr mismun þarf að skýra.


Þessu til viðbótar koma auknar virðisaukaskattstekjur af seldu bensíni en virðisaukinn af bensinskattahækkuninni einni er 135 m.kr. Samanlagt mun hækkun á almennu og sérstöku bensíngjaldi með virðisaukaskatti hækka verðið á bensínlítranum um 3.90 kr.

Á yfirstandandi ári hefur bifreiðainnflutningur verið verulega meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga fyrir árið 2003. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að tekjur ríkissjóðs af bifreiðakaupum verði um 800 m. kr. umfram tekjuforsendur fjárlaga. Ofan á þessar auknu vörugjaldstekjur af innfluttum bifreiðum leggst svo virðisaukaskattur upp á tæplega 200 m.kr. En þessar auknu tekjur umfram áætlanir eru ríkisvaldinu ekki nóg, því að nái frumvarp það sem hér er til umsagnar fram að ganga á að sækja hátt í 1.200 m.kr. í viðbót í vasa bifreiðaeigenda. Þetta er ráðgert á sama tíma og lagt er til í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 að framlag til framkvæmda í vegagerð lækki um 2.400 m.kr. frá árinu 2003, eða um 30%.

Í ljósi yfirlýsinga og loforða sem stjórnarflokkarnir gáfu fyrir síðustu kosningar um skattalækkanir þá eru þessar fyrirhuguðu hækkunir áfall fyrir fjölskyldurnar í landinu sem eiga og reka bíl. Nái hækkun á bensíngjöldunum fram að ganga gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir að það eitt og sér geti valdið 0,12% hækkun á vísitölu neysluverðs með tilheyrandi hækkunaráhrifum á aðrar skuldbindingar fjölskyldna í landinu.



MEMBER OF ALLIANCE  
INTERNATIONALE  
DE TOURISME



Stjórn Félags íslenskra bifreiðaeigenda telur óeðlilegt að hækka skatta á bifreiðaeigendur á sama tíma og boðaður er niðurskurður í vegaf framkvæmdum. Skattar af bifreiðum og umferð á Íslandi eru með því hæsta sem þekkist í þróuðum ríkjum. FÍB hafnar einnig alfarið hugmyndum fjármálaráðherra um að athuga eigi lögbindingu á hækkun þeirra skatta sem hér eru til umfjöllunar um t.d. 2% eða 2,5% árlega. Slíkar hugmyndir eru ekki í samræmi við góða stjórnsýslu og draga úr hvata framkvæmdavaldsins til að leita hagkvæmustu leiða í hverju verkefni og á hverjum tíma.

Virðingarfyllt,

*Félag íslenskra bifreiðaeigenda*



Runólfur Olafsson